

## Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 3.tbl. 11. árg

### Desember 2021



Góðan dag kærur forráðamenn

Desember er mættur með aðventu og jólastúss. Ótrúlegt hve hratt þessi haustönn hefur liðið í skólastarfinu.

Glerárskóli hefur lagt áherslu á læsi á þessari önn og mun halda því áfram á vorönninni. Kennarar taka þátt í þróunarstarfi sem leitt er af Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri auk þess að sinna hefðbundnu starfi, taka þátt í ýmskonar menntun, undirbúningi og öðrum störfum sem koma að faglegu starfi skólans.

Menntastefna Akureyrarbæjar á stóran sess í skólastarfinu og innra mat skólans er ætíð í endurskoðun. Ný lög um velferð barna hafa litið dagsins ljós og þar er skólinn stór aðili þannig að við tökum þátt í þeirri vegferð líkt og aðrar stofnanir sem sinna börnum.

Sóttvarnarreglur breytast ört og er nú orðinn einn hluti af skólastarfinu að bregðast við og halda úti skráningu vegna sóttkvíar, einangrunar eða smitgátar auk viðbragða við fjöldatakmörkunum og fleiru.

Faglegt starf í Glerárskóla er blómlegt og tekur á sig margskonar myndir. Nýverið lukum við þemadögum þar sem skólanum okkar var breytt í töfra- og galdraskóla í anda Harry Potter. Nemendur reyndu sig við fjölbreytt verkefni og var raðað í hópa þvert á aldur. Mikil keppni var í krökkunum og gaman að enda með því að vita hver hinna fjögurra heimavista ynni hinn frábæra Galdrabíkar. Að þessu sinni var það Slytherin sem vann en á næsta skólaári er aldrei að vita hvað gerist í heima töfra og galdra.

Við siglum nú inn í heim jóla og áramóta en að sjálfsögðu verður skólastarfið hlaðið námi og fróðleik fyrir alla nemendur.

Eins og alltaf bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel og fylgjast með heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega.



Kærar jólakveðjur frá stjórnendum Glerárskóla,  
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

### Desember 2021

Margt skemmtilegt uppbrot verður í skólastarfinu í desember líkt og venja er fyrir. Ef hægt verður ætlum við að syngja saman á söngsal eða hafa söngstofur. Einnig verður lafabrauð skorið og steikt í 1. - 4. bekk. Skreytingar verða um skólann þveran og endilangan og spilin tekin fram í ævispennandi félagsvist. Heimsóknir á Minnjasafnið og jólabíó eru ómissandi á aðventu auk þess að



skreyta piparkökur í Frístund. Mánudaginn 20. desember verða litlu jólin í 7. - 10. bekk og þar með fara þeir nemendur í jólafrí. Daginn eftir, þriðjudaginn 21. desember verða litlu jólin í 1. - 6. bekk og þá fara þeir nemendur í jólafrí. *Uppbrotsdagur er í skólanum mánudaginn 20. desember og þá er skóli frá kl. 8:15 - 13:15.*

## Litlu jólin 2021

Litlu jól nemenda verða með svipuðu sniði og undanfarin ár, þrískipt, dagana 20. og 21. desember. Allir mæta í betri fötunum og við göngum í kringum jólatréð (ef sóttvarnarreglur leyfa), syngjum jólasöngva og nemendur og umsjónarkennarar eiga saman góða stund. Nemendur mæta sem hér segir í heimastofur:

### 20. desember 2021:

Kl. 19:30 - 21:00 - Litlu jólin í 7. - 10. bekk (síðan jólafrí)

### 21. desember 2021: Frístund opin frá 9:45 - 16:15

\*Kl. 8:15 - 9:45 - Litlu jólin í 1. - 3. bekk (síðan jólafrí)

\*Kl. 9:30 - 11:00 - Litlu jólin í 4. - 6. bekk (síðan jólafrí)



Nemendur í 4. bekk eru með skemmtiatriði á báðum Litlu jölunum þann 21. desember og hver veit nema kampakátir jólasveinar kíki í heimsókn.

Að loknum Litlu jölunum eru nemendur komnir í jólafrí en Frístund er opin til kl. 16:15 þann 21. desember fyrir skráða nemendur.

**ATHUGIÐ! Ef sóttvarnarreglur leyfa ekki að við göngum í kringum jólatréð saman munum við halda stofujól. Þá verða sendar nýjar tímasetningar heim til forráðamanna.**

## Frístund um jól og áramót 2021

Frístund er opin fyrir skráða nemendur sem hér segir:

21. desember frá kl. 9:45 - 16:15

22. desember frá kl. 8:00 - 16:15

**Frístund er lokað frá og með 23. desember 2021 til og með 3. janúar 2022.**

## Glerárvision 2021-2022

Eins og flestir kannski vita hefur Glerárvision verið frestað fram yfir áramót. Af sóttvarnaástæðum sáum við okkur ekki fært að halda hátíðina eins og við viljum gera og höfum því frestað söngkeppninni góðu til **21. janúar 2022**.

Við vonum heitt og innilega að þá verði aðstæður aðrar í samfélaginu svo okkur verði gert kleift að halda þessa frábæru söngkeppni Glerárskóla á eðlilegan hátt.



„Kærleikurinn er sterkasta aflið sem til er í heiminum og þó  
jafnframt það hógværaasta sem unnt er að hugsa sér”

Höf. Mahatma Gandhi

## Helstu atburðir í desember 2021 og janúar 2022

| Desember 2021         |                                                                                                        |
|-----------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 20. desember 2021     | Uppbrotsdagur - Litlu jólin í 7. - 10. bekk að kvöldi                                                  |
| 21. desember 2021     | Litlu jólin í 1. - 6. bekk að morgni - Frístund opin til 16:15 fyrir skráða                            |
| Janúar 2022           |                                                                                                        |
| 3. janúar 2022        | Skipulagsdagur - nemendur í fríi - Frístund lokuð                                                      |
| 4. janúar 2022        | Skóli hefst samkvæmt stundaskrá                                                                        |
| 24. janúar 2022       | Skipulagsdagur - nemendur í fríi - Frístund opin frá 8:00 - 16:15                                      |
| 25. - 26. janúar 2022 | Viðtalsdagar - nemendur og forráðamenn mæta til umsjónarkennara.<br>Frístund opin frá kl. 8:00 - 16:15 |

„Draumar eru óskir hjartans!”

Höf. ókunnur

## Skipulagsdagar 3. janúar og 24. janúar

Mánudaginn 3. janúar er skipulagsdagur í Glerárskóla og nemendur í fríi, en skólastarf hefst þriðjudaginn 4. janúar 2022 samkvæmt stundaskrá.

Mánudaginn 24. janúar er einnig skipulagsdagur, þann dag eru nemendur í fríi.

Á eftir þeim skipulagsdegi fylgja tveir viðtalsdagar.



## Viðtalsdagar þriðjudaginn 25. og miðvikudaginn 26. janúar 2022

Mánudaginn 10. janúar 2022 hefst skráning á viðtalsdag fyrir þá nemendur sem eiga systkini í skólanum. Miðvikudaginn 12. janúar 2022 hefst skráning fyrir alla.

Ætlast er til að a.m.k. einn forráðamaður mæti með nemanda í skólann á viðtalsdögum 25. eða 26. janúar, til að ræða við umsjónarkennara um nám, líðan og starf nemanda í skólanum.



## Heilsusamlegt mataræði - hollt nesti

Hjúkrunarfræðingur skólans hefur sent öllum heimilum póst þar sem rætt er um hollt mataræði. Glerárskóli er lýðheilsuskóli og leggur á það áherslu að nemendur séu með hollt og gott nesti. Við viljum því minna forráðamenn á að



huga vel að nestismálum barnanna og muna að gott er að sleppa öllum hnetum og sætindum í nestisboxinu.

## Sóttvarnir í grunnskólanum

Minnum á að nú sem fyrr þurfum við að sinna sóttvörnum og því gott að endurtaka eftirfarandi í umræðu við börnin.

1. **Spritta þarf hendur við komu í skólann og alltaf þegar farið er í matsal**



*„Mesta hamingjan er að vera elskaður, með alla sína galla, eða réttara sagt, þrátt fyrir þá.“*

*Victor Hugo*

## Á nýju ári

Glerárskóli hefst að loknu jóla- og áramótafríi,  
**þriðjudaginn 4. janúar 2022 kl. 8:15**, samkvæmt stundaskrá.

***Starfsfólk Glerárskóla óskar öllum  
nemendum og forráðamönnum gleðilegra  
jóla og farsældar á komandi ári.***

***Þökkum fyrir frábæra samvinnu á liðnu ári  
og hlökkum til að hefja nýja önn árið 2022.***

**Glerárskóli, v/Höfðahlíð**

**603 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en  
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: [glerskoli@akureyri.is](mailto:glerskoli@akureyri.is)

Heimasíða skólans: [glerskoli.is](http://glerskoli.is)

Facebook síða: Glerárskóli

**HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI**

